

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

2. fundur 2008

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 19.12.2008 kl. 10 í húsnæði Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Valur Ásbjarnarson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason,	ritari skipulagsnefndar
Magnús Guðmannsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

1. Reglugerð um störf skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

Lagðar voru fram til kynningar endanlegar starfsreglur skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

2. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005 – 2025, niðurfelling landnotkunar innan Sandgerðis

Lögð voru fram drög að greinargerð, dags. 18.12.2008, vegna athugasemda sem bárust við auglýsingu á breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar varðandi breytingu á landnotkun innan Sandgerðis. Gerðar voru nokkrar breytingar á greinargerðinni og ákveðið að senda hana til Flugmálastjórnarinnar Keflavíkurflugvelli til kynningar. Að aflokinni þeirri kynningu verður greinargerðin aftur tekin fyrir í skipulagsnefndinni.

3. Svæðisskipulag Suðurnesja

Formaður skipulagsnefndar gerði grein fyrir starfi svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja sem hefur hafið störf. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar mun væntanlega taka þátt í starfinu og sat formaður skipulagsnefndar fyrsta fundinn.

4. Breyting á deiliskipulagi A – svæðis

Fram hefur farið grenndarkynning vegna breytinga á byggingarreit og aukins byggingarmagns lóðanna Blikavöllur 2 og 4. Engar athugasemdir bárust og skipulags- og byggingarfulltrúi hefur afgreitt málið í samræmi við lög og reglur þar um.

5. Aðalskipulag Reykjanesbæjar

Guðlaugur H. Sigurjónsson upplýsti að væntanleg tillaga að aðalskipulagi Reykjanesbæjar hafi verið send Skipulagsstofnun til kynningar og yrði hún síðan í kjölfarið auglýst í janúar á næsta ári. Verður hún þá send skipulagsyfirvöldum á Keflavíkurflugvelli til kynningar.

6. Næsti fundur skipulagsnefndar

Næsti fundur skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar verður 16.01.2009. Stefnt er að því að sá fundur verði í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Fleira ekki gert, fundi slitið.